
Taktu skýra afstöðu með sannri tilbeiðslu
(1. hluti)

Byggt á 16. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* en hana má finna á jw.org/is.

MARKMIÐ: Veltu fyrir þér hverju þú trúir og hvers vegna, og skoðaðu hvað Biblían kennir. Þá áttu auðveldara með að útskýra trú þína fyrir öðrum.





HVAÐ MERKIR AÐ TAKA SKÝRA AFSTÖÐU MEÐ SANNRI TILBEIÐSLU?

1 VELTU FYRIR ÞÉR HVERJU ÞÚ TRÚIR

Hvað gætu sumir sagt?

Hverju trúir *þú?*

Hvers vegna trúirðu því?


www.jw.org © 2017 Watch Tower Bible and Tract Society of Pennsylvania

2 SKOÐAÐU HVAÐ BIBLÍAN KENNIR

Að taka skýra afstöðu með sannri tilbeiðslu felur í sér að sýna Jehóva óskipta hollustu.
(Sjá 16. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* gr. 1-5.)

Lestu 2. Mósebók 20:4, 5 og 1. Jóhannesarbréf 5:21.
Hvernig sýna þessi biblíuvers hvað Guði finnst um notkun líkneskja við tilbeiðslu?

Lestu 5. Mósebók 18:10-12.
Hvernig sýna þessi biblíuvers viðhorf Guðs til forfeðradýrkunar sem er ein mynd spíritisma?



Rétt eins og þú myndir ekki borða sælgæti upp úr göturæsinu, ættirðu ekki að taka þátt í hátíðum sem eru heiðnir að uppruna.

www.jw.org © 2017 Watch Tower Bible and Tract Society of Pennsylvania

Að taka skýra afstöðu með sannri tilbeiðslu felur í sér að hafna hátíðum sem eru Jehóva vanþóknanlegar.

(Sjá 16. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* gr. 6-12.)

Lestu 1. Mósebók 40:20 og Markús 6:21

Af hverju skiptir máli að afmælin tvö sem minnst er á í Biblíunni voru haldin til heiðurs mönnum sem þjónuðu ekki Jehóva?

Lestu Jesaja 52:11og Efesusbréfið 5:10.

Hvers vegna skiptir uppruni hátíða máli?

Hvers vegna ertu staðráðinn í að taka skýra afstöðu með sannri tilbeiðslu?

www.jw.org © 2017 Watch Tower Bible and Tract Society of Pennsylvania

3 ÚTSKÝRÐU HVERJU ÞÚ TRÚIR

EF EINHVER SEGIR …

Ég *tilbið* ekki líkneski, ég nota þau bara til að hjálpa mér að nálægja mig Guði þegar ég bið til hans.

GÆTIRÐU SAGT …

Það er gott hjá þér að vilja nálægja þig Guði í bæn. En að nota líkneski nálægir þig ekki Guði vegna þess að ...

_____

_____

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

_____

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?

_____

EF EINHVER SEGIR …

Enginn sem heldur upp á afmæli og aðrar hátíðir nú á dögum tengir það við heiðni. Fólk lítur bara á þetta sem tækifæri til að vera með fjölskyldunni.

GÆTIRÐU SAGT …

Það er mikilvægt að fjölskyldur verji tíma saman. En ég trúi því að uppruni hátíða skipti máli vegna þess að ...

_____

_____

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

_____

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?

_____

www.jw.org © 2017 Watch Tower Bible and Tract Society of Pennsylvania